Strandveiðarnar eru raunhæfur kostur

„Nú er maður bara að græja sig á strandveiðarnar, enda búinn á grásleppunni. Það eru tveir bátar byrjaðir héðan en það hefur verið tregt. Samt var einn bátur í gær, sem náði hátt í skammtinn. Þeir hafa núna bara verið að fara hérna að vitanum, bara tíu mínútna keyrsla," sagði Jón Tryggvi Árnason á Margréti ÞH 55 á Kópaskeri, þegar blaðamaður Brimfaxa sló á þráðinn til hans.

„Það kemur stundum hrygningarfiskur upp að vitanum á þessum tíma. Það komu hérna oft netabátar í hópum í gamla daga til að taka hann. Svo hverfur fiskurinn eftir hrygninguna og í júní er þetta erfiður tími hérna. Þess vegna er ekki á vísan að róa héðan á vorin og í júní. Seinnipartur júlí og ágúst er oftast besti tíminn hérna. Ég er rólegur eftir grásleppuna, fæ smá hvíld áður en ég skelli mér í strandveiðarnar af fullum krafti. Svo er ég með smá kvóta sem ég dunda mér við á haustin, í september og október, og nota svo eitthvað af kvótanum fyrir meðafla á grásleppunni. Reyndar var ekki mikið um fisk með grásleppunni núna og það er kostur," sagði Jón Tryggvi.

Hvernig líst þér á strandveiðina, er hún raunverulegur kostur?

„Já, hún er það svo sannarlega. Eftir að þessi strandveiði kom til viðbótar við grásleppuna, getur maður nánast gert sjósóknina að heilsárs atvinnu. Þeir, sem engan hafa kvótann, geta verið byrjaðir á grásleppunni um miðjan mars og verið svo að til ágústloka. Svo fer hellings tími til undirbúnings fyrir grásleppuvertíðina, fella netin og ýmislegt fleira. Það er því ekki langur tími, sem menn þurfa að dekka með einhverri annarri vinnu. Maður er því undrandi á því að heyra menn tala um að þetta kerfi skili engri nýliðun. Maður sér bara orðið fjölda manns sem lætur sér nægja að vera á grásleppu og strandveiðum og dæmið virðist ganga alveg upp. Menn eru kannski að fiska þetta 20 til 25 tonn á handfærin yfir tímabilið og það gefur bara ágætis afkomu ef menn eru skynsamir í fjárfestingu. Þá skilar grásleppan sínu líka. Maður er því hálf svekktur yfir þessum yfirlýsingum frá ASÍ að strandveiðarnar séu ekki til neins. Þetta skilar sér og ég væri ekki á sjó, nema þetta hefði komið til. Það er bara þannig og það á við um marga," segir Jón Tryggvi.

En hvernig gekk á grásleppunni?

„Þetta var svona alveg ágætt. 70 til 80 tunnur. Við skárum um borð og lönduðum reyndar bæði hrognum og grásleppu hjá GPG á Raufarhöfn. Þeir söltuðu hrognin fyrir mig og keyptu grásleppuna, sem þeir frysta og selja til Kína. Tíðin á vertíðinni var mjög góð og það bjargaði veiðinni. Við gátum vitjað reglulega og lítið netatjón. Við vorum með netin norður undir Rauðanúp, en þangað eru 12 mílur og stundum höfum við farið aðeins austur með Sléttunni og vorum með 150 löng net í sjó. Við erum með meiri afla nú en í fyrra og það er almennt þannig á öllum bátum, en engin ofsa veiði. Búið að vera heldur skárra hjá öllum. Verðið hefur ekki skýrst að fullu ennþá. Það sem hefur verið tekið út af tunnum, hefur verið að fara á lægra verði en á síðustu vertíð. Það er eitthvað búist við meira framboði, en reyndar hefur fiskast minna við Grænland en á sama tíma í fyrra. Eins og staðan er í dag finnst mönnum verðið lágt og halda að sér höndum með að selja. Hrognin eru ýmist seld til verksmiðja hér heima eða fara utan og það er G. Halldórsson sem hefur verið að selja fyrir okkur," segir Jón Tryggvi Árnason. ■